

Annar fundur haldinn á Breiðabliki miðvikudaginn 20. febrúar 2019

kl. 20:30

Eggert Kjartansson, Atli Sveinn Svansson, Gísli Guðmundsson, Halldór Jónsson og Katrín Gísladóttir sem ritar fundargerð.

Oddviti setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

Dagskrá:

1. Umhverfissvottun Snæfellsnes. Guðrún Magnúsdóttir verkefnisstjóri mætir á fundinn og fer yfir verkefnið. Guðrún fór yfir þau umhverfisverkefni sem framundan væru. Jafnframt fór Guðrún yfir umhverfissvottun Snæfellsnes og hvað fælist í úttektinni.
2. Gestastofa Snæfellsnes að Breiðabliki. Farið yfir kostnað við framkvæmdir og fyrirkomulagið við Svæðisgarðinn. Oddvita falið að koma ábendingum frá fundinum á framfæri við Svæðisgarðinn. Jafnframt var oddvita falið að kynna framkvæmdirnar fyrir íbúum með t.d. tölvupósti eða á heimasíðu sveitarfélagsins. Þorbergur Bæringsson var ráðinn sem verktaki til að fara með verkið og er það að hefjast. Framkvæmdir greiðast af styrk sem fékkst gegnum SSV frá Bygðasstofnun kr. 15.000.000,- það sem á vantar greiðir Eyja og Miklaholtshreppur. Ekki var gert ráð fyrir öllum framkvæmdunum á fjárhagsáætlun vegna ársins 2019 og leggur hreppsnefnd til eftirfarandi viðauka við áætlun. Tillaga að viðauka við fjárhagsáætlun 2019 vegna framkvæmda við Breiðablik kr. 7.000.000,- og verður tekið af handbæru fé. Samþykkt samhljóða.
3. Aðalskipulag Eyja og Miklaholtshrepp. Lagt fram bréf dagsett 18. febrúar frá Skipulagsstofnun og varðar athugun stofnunarinnar á aðalskipulagi Eyja- og Miklaholtshrepp 2018-2038. Jafnframt lagt fram minnisblað frá Árna hjá Alta með tillögum um lagfæringar á aðalskipulagstillögunni í samræmi við ábendingar frá Skipulagsstofnun. Oddvita falið að breyta tillögunni í samræmi við minnisblaðið og auglýsa hana síðan. Hreppsnefnd lýsir yfir ánægju sinni með aðalskipulagstillögunum og þau tækifæri sem í henni eru fyrir fyrirtæki og íbúa. Sérstaklega eru inn í tillögunni möguleikar á uppbyggingu í ferðapjónustu á Vegamótasvæðinu, Miðhrauni II og Eiðhúsum. Ef þessar hugmyndir verða að veruleika mun það skipta okkar samfélag miklu máli. Einnig mun þessi uppbygging hafa jákvæð áhrif á ferðapjónustu á öllu Snæfellsnesi. Til að bregðast við og undirbúa okkar samfélag fyrir þessa vonandi miklu uppbyggingu tók hreppsnefnd frá land við Laugargerðisskóla fyrir íbúðabyggingu og fyrirhugað er að hefja vinnu fljótlega við að deiliskipuleggja það svæði.
4. Fræðsluferð sveitarstjórnarmanna á Vesturlandi til Danmerkur.
5. Kostnaður vegna almannavarnarnefndar Vesturlands.
6. Fundarboð á aðalfund sambandsins
7. 867 fundargerð sambandsins
8. 179 fundur félagsmálanefndar Snæfellinga

Fleira ekki gert og fundi slitið.

Katrín Gísladóttir (sign)

Halldór Jónsson (sign)

Gísli Guðmundsson (sign)

Atli Sveinn Svansson (sign)

Eggert Kjartansson (sign)